

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Samstarf um skólamál: símenntun grunnskólakennara
Starfshópur fulltrúa sveitarfélaganna

SÍMENNTUN GRUNNSKÓLAKENNARA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU - STÖÐUSKÝRSLA -

Innihald:

1. Framkvæmd verkefnis 2012-2013 og mat
2. Fjárhagsniðurstaða verkefnisins 2012-2013
3. Áætluð verkefnisframkvæmd 2013-2014
Viðauki: Dreifibréf verkefnisins 2012-2013

Ætlað fræðslustjórum/sviðsstjórum menntamála í sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Júní 2013

Framkvæmd verkefnis 2012-2013 og mat

A. Skipulags- og undirbúningsfundir samstarfshóps

Samstarfshópurinn sem skipaður var til að undirbúa og skipuleggja fræðsluna, með fulltrúum frá öllum sveitarfélögum, hélt alls 11 fundi yfir skólaárið 2012-2013, auk þess sem fulltrúar Menntavísindasviðs HÍ og Menntamiðju sóttu suma fundina. Skipst var á að halda fundina á skóla-/fræðsluskrifstofum allra sveitarfélaganna.

B. Fræðslufundirnir þrír

Meginverkefni skólaársins 2012-2013 var að skipuleggja og halda þrjá fræðslufundi sem fóru fram á vorönn 2013, haldnir í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ, í 300 manna sal (Skriðu) – um leiðsagnarmat (sjá dreifibréf í viðhengi). Hvert sveitarfélag fékk úthlutað ákveðnum fjölda pláss á hvern fyrirlestur, í samræmi við stærð sveitarfélaganna í samhengi við fjölda grunnskóla í hverju sveitarfélagi. Ef eitthvað sveitarfélag nýtti ekki öll sín pláss gátu önnur sveitarfélög fengið þau ef þörf var á. Reyndin varð sú að skólar í Reykjavík nýttu ekki pláss sín á neinum af þessum þremur fræðslufundum en önnur sveitarfélög gátu þegið þau. HÍ fékk 10 pláss fyrir kennara og nemendur Menntavísindasviðs. Til auglýsa fræðslufundina voru gerð dreifibréf um fyrirlestrarröðina sem var dreift í hvern skóla (A-3). Dreifibréfinu var sömuleiðis dreift í tölvupósti sem pdf-skjal til skóla og kennarar í sveitarfélögum í gegnum skóla-/fræðsluskrifstofu hvers sveitarfélags.

Aðsókn á fræðslufundina þrjá var góð og voru nálægt 300 þátttakendur á fyrri tveimur og nálægt 250 á þeim síðasta. Ekki fór þó fram nákvæm talning eða skráning á staðnum sjálfum þar sem hún fór fram fyrirfram í hverju sveitarfélagi (síðan voru einhver forföll svo það skiluðu sér ekki allir). Í heildina séð erum við ánægð með þátttökuna í fræðslufundum og höfum fengið jákvæð viðbrögð frá skólastjórnendum og kennurum við fræðslunni – jafnvel hvatningu til að halda áfram.

C. Heimasíða með fræðslunni

Hluti af fræðslufundum þremur í Skriðu um leiðsagnarmat hefur verið að taka fyrirlestrarana upp (hljóð og mynd). Markmiðið var að fræðslufundirnir yrðu einnig til fyrir þá sem ekki tóku þátt í fræðslunni og nýttist því öðrum kennurum sömuleiðis. Upptakan var gerð af starfsfólki HÍ (Menntasmiðju Menntavísindasviðs) en unnin fyrir vefútgáfu af starfsfólki Menntamiðju (Þorbjörg Þorsteinsdóttir hjá Tungumálatorgi). Samstarf náðist við Menntamiðju um að búa til vef sem gæti hýst efnið, sem fékk þessa vefslóð: <http://ssh.menntamidja.is>. Þar höfum við sett inn upptöku af fyrirlestrum, glærुकyningum fyrirlesara og myndir frá fyrirlestrunum. Myndatökur og uppsetningu vefsins hefur Vigfús annast undir yfirumsjón Tryggva Thyer hjá Menntamiðju en vefupptökurnar sjálfar eru geymdar á YouTube á vegum Menntamiðju. Huga þarf að því hvernig vefurinn þróist, þ.e. hvort hann eigi að vera sjálfstætt „torg“ undir Menntamiðju eða hluti annars „torgs“ en meginmunurinn felst í þeirri ábyrgð og skyldum sem „torg“ hefur gagnvart Menntamiðju. Það er mat hópsins að halda óbreyttri stöðu, en skoða möguleika á því að sameinast torgi síðar.

Mat verkefnisins

Við erum sátt við framkvæmd verkefnisins og teljum það hafa tekist vonum framar að skipuleggja samstarf um símenntun kennara á höfuðborgarsvæðinu sem nýttist einnig öllu landinu núna í gegnum vef verkefnisins. Á þessum grunni byggjum við þegar ákveðið hefur verið að halda áfram með verkefnið næsta skólaár. Að því er nú komið. Fjárhagsniðurstöðu verkefnisins má sjá á næstu síðu en kostnaður verkefnisins dreifist á milli sveitarfélaganna eftir íbúafjölda þeirra þann 1. desember 2012.

Fjárhagsniðurstaða verkefnisins 2012-2013

Gjöld:

plakataprentun (80)	kr.	12.500
Fræðslufundur 1 _ 28.1		
Fyrirlesari	kr.	129.225
gestakennarar	kr.	20.000
húsnæði (Skriða)	kr.	45.000
mótframlag HÍ	kr.	-22.500
Tölvuupptaka/-vinnsla	kr.	20.000
mótframlag HÍ	kr.	-10.000
Fræðslufundur 2 _ 4.3		
Fyrirlesari	kr.	30.000
gestakennarar	kr.	20.000
húsnæði (Skriða)	kr.	45.000
mótframlag HÍ	kr.	-22.500
Tölvuupptaka/-vinnsla	kr.	20.000
mótframlag HÍ	kr.	-10.000
Fræðslufundur 3 _ 8.4		
Fyrirlesari/Kópav.	kr.	30.000
gestakennarar	kr.	20.000
húsnæði (Skriða)	kr.	45.000
mótframlag HÍ	kr.	-22.500
Tölvuupptaka/-vinnsla	kr.	20.000
mótframlag HÍ	kr.	-10.000

Samtals 359.225

Tekjur:

				íbúar 1.12.12
Garðabær	6,7344%	24.192	Kr.	13.682
Hafnarfjörður	13,0110%	46.739	Kr.	26.434
Kópavogur	15,3269%	55.058	Kr.	31.139
Mosfellsbær	4,3423%	15.598	Kr.	8.822
Reykjavík	58,4670%	210.028	Kr.	118.785
Seltjarnarnes	2,1185%	7.610	Kr.	4.304
Samtals	100,0%	359.225	Kr.	203.166
Jöfnun		0		

Samantekt:

Vigfús Hallgrímsson

Áætluð verkefnisframkvæmd 2013-2014


Skólaárið 2013-2014 hefur þetta fræðsluverkefni um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um símenntun grunnskólakennara hlotið styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla, að upphæð 700.000 kr. Við lítum svo á að starfshópurinn haldi áfram að annast verkefnið og skipuleggi áfram fræðslu fyrir grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við tillögur hópsins í stöðuskýrslu frá september 2012 og eftirfarandi hugmyndir.

Starfshópurinn vill að áfram verði lögð áhersla á að undirbúa innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla sem skal taka gildi haustið 2014. Í henni fær námsmat, undir nýjum formerkjum, mikla áherslu. Þess vegna ætlum við að leggja áfram áherslu á námsmat í fræðslunni sem er framundan. Síðasta skólaár var áherslan á leiðsagnarmat. Næsta skólaár skipuleggjum við fræðslu, fyrirlestra og aðra úrvinnslu þeirra (samræður, vinnuhópar, skólafræðsla), með áherslu á lokamat, sem skiptist í (i) mat á námshæfni (eftir hverju námssviði) og (ii) mat á lykilhæfni (innan hvers árgangs) samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Nánari útfærsla þeirrar fræðslu er nú að hefjast.


Höfuðborgarsvæðinu í júní 2013



Baldur Pálsson



Oddný J. Eyjólfsdóttir



Magnea Steinunn Ingimundardóttir



Nanna Kristín Christiansen



Ragnheiður Hermannsdóttir



Vigfús Hallgrímsson

Fyrirlestraröð um

NÁMSMAT

í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla (2011)

Skriða (HÍ), Stakkahlíð
mánudagar kl. 14-16



28. janúar: Námsmat í þágu náms

Aðalfyrirlesari er John Morris, skólastjóri í Bretlandi.

4. mars: Viðmið og matskvarðar

Aðalfyrirlesari er Erna Ingibjörg Pálsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

8. apríl: Endurgjöf og sjálfsmat

Aðalfyrirlesari er Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri.

Skráning á fræðslufund er hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Umsjón: Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ.